

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Laugavegur 20B.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 25. ágúst 2022, tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitir, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í umsókninni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar fyrir einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlíð hússins fram að Klapparstíg með þaksvölum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Jöfursbás 9A, 9B, 9C og 9D.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 7. september 2022, breytingu á deiliskipulagi Gufuness, 1. áfanga, vegna lóðanna nr. 9A, 9B, 9C og 9D við Jöfursbás. Í breytingunni sem lögð er til felst að sameina lóðirnar í eina lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vindás-Brekknáás.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 7. september 2022, breytingu á deiliskipulagi Vindáss-Brekknáás. Í breytingunni sem lögð er til felst að bæta við skilmála heimild um að svalir megi ná út fyrir byggingarreit, 1,7 m að hámarki, á lóðunum við Selásbraut 130 og 132 og Brekknaás 2, 4 og 8. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Koparsléttu 4-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. september 2022, breytingu á deiliskipulagi Esjumela, athafnasvæðis, vegna lóðarinnar nr. 4-8 við Koparsléttu. Í breytingunni felst breyting á mörkum byggingarreits, annars vegar við innkeyrslu frá Koparsléttu og hins vegar á vestari hluta reits við Norðurgrafarveg ásamt því að hæð stoðveggja við lóðarmörk eru skilgreind með nýjum hætti í skilmálum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tunguháls 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. september 2022, breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 2 við Tunguháls. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til austurs og að gera nýjan byggingarreit á sunnanverðri lóðinni fyrir hjólaskýli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 23. september 2022.

Björn Axelsson.